

Athugasemd varðandi þingskjal nr. 3, tillögur Stjórnlagaráðs.

Ég undirritaður legg til viðbót við 39. gr. tillögu Stjórnlagaráðs um kosningar til Alþingis þar sem kveðið sé á um að með kosningalögum megi ekki mismuna einstökum framboðum og frambjóðendum.

Rökstuðning fyrir þessu má finna í núgildandi kosningalögum nr. 24/2000 sem á ýmsan hátt setja nýjum framboðum skorður umfram aðra. Ennfremur bendir skýrsla Öryggis- og eftirlitsstofnunar Evrópu (ÖSE) á nokkur mikilvæg atriði:
<http://www.osce.org/odihr/elections/iceland/38309>

Í skýrslunni er m.a. sett út á fyrirkomulag utankjörfundaratkvæðagreiðslu sem hefst mörgum vikum áður en framboðsfrestur er útrunninn, sjá bls. 17-18. Boðið er upp á stimpla með einkennisstöfum starfandi stjórnmálaflokka meðan ekkert gefur til kynna tilvist nýrra framboða.

Athugasemdir eru gerðar við regluleysi og ósamræmi í vinnubrögðum yfirkjörstjórna, bæði í aðdraganda kosninga, sjá bls. 10, og eins við talningu atkvæða, sjá bls. 19. Einnig gerir ÖSE athugasemd við að ekki sé hægt að áfryja úrskurði Alþingis vegna kosninga til óháðs úrskurðarvalds eða dómstóla, sjá bls. 20.

Til viðbótar við athugasemdir ÖSE má benda á einstaka greinar núgildandi kosningalaga sem einnig mismuna framboðum eða kjósendum:

- Landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir eru skipaðar fulltrúum sitjandi stjórnmálaflokka á Alþingi (12.-14. gr.). Ekki er gert ráð fyrir “faglegum” fulltrúum eða áheyrnarfulltrúum annarra framboða.
- Atkvæði telst ógilt ef kjörseðli er skilað auðum (100. gr.). Það felast ákveðin skilaboð í að skila kjörseðli auðum og það ber að færa til bókar.
- Jöfnunarsæti falla einungis þeim framboðum í hlut sem náð hafa 5% atkvæða á landinu öllu (108 gr.). Þessi hái þröskuldur (hærri en í flestum löndum Evrópu) hefur verið misnotaður til þess að hræða kjósendur frá því að kjósa ný og/eða smærri framboð. Að vísu fellur þessi þröskuldur niður samkvæmt tillögu Stjórnlagaráðs.

Þar sem flestar breytingar á kosningalögum verða samþykkar með einföldum meirihluta á Alþingi tel ég ástæðu til að koma í veg fyrir að þau lög geti gert nýjum framboðum erfitt um vik.

Reykjavík, 12. janúar 2012.

Sigurður Hr. Sigurðsson.
Kt. 201062-5009.